

Kirkjuþing 2020-2021.

23. mál - þskj. 23.

T I L L A G A

til þingsályktunar um verkáætlun vegna umhirðu jarða þjóðkirkjunnar 2021-2031.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af kirkjuráði.

Frsm. Axel Árnason Njarðvík.

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir eftirfarandi verkáætlun:

Verkáætlun fyrir umhirðu jarða þjóðkirkjunnar 2021-2031.

2021.

Votlendi endurheimt: Reynivellir í Kjós, Oddi á Rangárvöllum, Mosfell í Grímsnesi.

Skógrækt: Mosfell í Mosfellssveit, Reykholt, Skálholt, Reynivellir í Kjós.

2022.

Votlendi: Holt í Öfundarfirði, Árnes I, Laufás í Eyjafirði.

Skógrækt: Staðastaður, Saurbær.

2023.

Votlendi: Skeggjastaðir, Kolfreyjustaður.

Skógrækt: Holt, Mælifell.

2024.

Votlendi: Staffholt, Reykholt, Vatnsfjörður.

Skógrækt: Heydalir, Mosfell í Grímsnesi, Hof í Vopnafirði.

Landgræðsla: Skeggjastaðir.

2025.

Votlend: Mælifell.

Skógrækt: Miklibær, Skinnastaður.

2026.

Votlend: Brúnir í Eyjafjarðarsveit, Syðra-Laugaland.

Skógrækt: Möðruvellir I, Breiðabólsstaður í Fljótshlíð.

2027.

Votlendi: Skútustaðir I., Háls.

Skógrækt: Háls, Hrúni.

2028.

Votlendi: Heydalir.

Skógrækt: Fellsmúli, Desjamýri.

2029.

Votlendi: Hof í Vopnafirði, Strönd og Vogsósar.

Skógrækt: Laufás, Oddi.

2030.

Votlendi: Desjamýri, Hrúni.

Skógrækt: Grenjaðarstaður, Valþjófsstaður I.

Greinargerð.

22. mál. Kirkjuþings 2019 samþykkti þingsályktun um úttekt á prestssetra- og kirkjujörðum vegna endurheimtar votlendis og skógræktar. Kirkjuþing ályktar að þegar verði hafist handa við að gera úttekt á því hvaða jarðnæði í eigu Þjóðkirkjunnar geti hentað til skógræktar í stórum stíl sem og til endurheimtar votlendis. Úttekt þeirri skal lokið fyrir kirkjuþing haustið 2020. Jafnframt verði í þeirri úttekt hugað að umhverfisvænum virkjunarkostum, þar sem það á við. Í framhaldinu (haust 2020) verði lögð fyrir kirkjuþing ályktun þar sem Þjóðkirkjan skuldbindur sig með verkefnaáætlun til 10 ára hvar skuli ráðast í skógrækt og/eða endurheimt votlendis og skuli verkefninu vera lokið haustið 2030. Sú tímasetning tekur mið af IPCC-skýrslu Sameinuðu þjóðanna frá því í október 2018 þar sem fram kemur að jarðarbúar hafi tíu ár til viðsnúnings í loftslagsmálum til að halda hlýnun andrúmsloftsins innan við 1,5 gráður.

Kirkjuráð samþykkti á 302. fundi þann 13. nóvember 2019 að beina því til umhverfisnefndar Þjóðkirkjunnar að hrinda ofangreindri ályktun í framkvæmd.

Umhverfisnefndin ynni það verk að hendi og fyrir liggur þessi verkefna áætlun í takt við þá þingsályktunartillögu sem unnið var eftir.

Umhverfisnefndin sendi Landgræðslunni, Orkustofnun og Skógræktinni bréf í lok nóvember 2019 um fyrsta skref í þeirri vinnu að meta það land sem er í eigu Þjóðkirkjunnar. Í marsmánuði 2020 bárust ábendingar frá Skógræktinni og frá Landgræðslunni um votlendi en henni vannst ekki tími að klára ábendingar um landgræðslusvæði í tæka tíð fyrir kirkjuþingið sem átti að halda í mars 2020. Orkustofnun svaraði ekki erindinu.

Fyrir liggur því framlögð verkefnaáætlun um umhirðu á jörðum kirkjunnar. Á hverju ári yrðu valkostir hvers árs greindir og metnir frekar til verka.

Fjármögnun á verkþáttum og verkefni þyrfti að koma að hluta frá Þjóðkirkjunni og annað eftir öðrum leiðum sem styrkja slík verkefni. Um margvíslega fjármögnunarkosti er að ræða, t.d. úr votlendissjóði, með þátttöku í bændaskógum þar sem kostnaður kirkjunnar væri lítill. Hins vegar eru að skapast tækifæri fyrir sölu á kolefnisbindingu með skógrækt og því er vert að skoða þann möguleika að Þjóðkirkjan sjálf annist skógrækt á ákveðnum svæðum/jörðum sem væru þá hugsuð til sölu á kolefnisbindingu og þ.a.l. sem tekjulind fyrir kirkjuna í framtíðinni.

Umhverfisnefndin leggur til að ábyrgð á framkvæmdum væri á hendi kirkjuráðs.

Umhverfisnefndin leggur til að lagðar verði 20 milljónir á ári til þessara þátta árlega – til að standa undir kaupum á ráðgjöf og greiningu á landi, auk heldur til skógræktar (sala á kolefnisbindingu).

Votlendi – frumúttekt Landgræðslu ríkisins á kirkjujörðum.

- **Árnes I** - Miklir möguleikar.
- **Desjamýri** – möguleikar.
- **Háls** – lítið, aðeins niðri við veg.
- **Heydalir** – alla veganna eitt lítið svæði.
- **Hof í Vopnafirði** - einhverjir möguleikar.
- **Holt í Önundarfirði**. - 40 ha vænlegt svæði samkvæmt frumúttekt Landgræðslunnar.
- **Hruni** - möguleikar, Hrunavöllur norðan við veg milli túns og Skyggislands (HR).
- **Kolfreyjustaður**. - Miklir möguleikar.
- **Laufás í Eyjafirði**. - Má fylla í nokkra skurði.
- **Mosfell í Grímsnesi**. Fyrir neðan staðinn og suður af eru nokkur gömul tún sem hætt er að nytja. Má fylla í.
- **Mælifell** – vert að skoða votlendi.
- **Oddi á Rangárvöllum**. Möguleiki og þá í samvinnu við Langekru.
- **Reykholt** - lítil mýri, en þarf að laga.
- **Reynivellir í Kjós**. Virðast vera möguleikar. Nokkrir skurðir fyrir neðan staðinn sem má fylla í. Nálægð við þéttbýli - kostur eða ókostur?
- **Skeggjastaðir**. - 40 ha svæði
- **Skútustaðir 1**. – framengjar.
- **Stafholt** - miklir möguleikar, (sbr. álit fyrrv. sóknarprests).
- **Strönd og Vogsósar** - má skoða.
- **Vatnsfjörður** - tvö svæði sem vert væri að skoða.

Skógrækt - frumúttekt skógræktar ríkisins á kirkjujörðum.

- **Breiðabólsstaður í Fljótshlíð** – s.1. gott uppland.
- **Brúnir í Eyjafjarðarsveit** – möguleikar alla veganna upp í hlíðinni.
- **Desjamýri** - s.2 fyrir opnu hafi en stór jörð og góð brekka.
- **Fellsmúli** – s.1, sandorpið flatt hraun.
- **Grenjaðarstaður** – s.2. lítið land.
- **Háls** – s.1. góð brekka, mikið land, góð staðsetning.
- **Heydalir** – s.1. góð brekka.
- **Hof í Vopnafirði** – s.1. Góðir móar og brekka.
- **Holt** – s.1. ágætar brekkur fyrir furu.
- **Hruni** – s.1, góðar brekkur.
- **Laufás** – s.1. eyrar Fnjóskár, góð brekka utarlega.
- **Löngumýrarskóli** – s.2. en skírnarskógur?
- **Miklibær** – s.1, góð brekka.
- **Mosfell í Grímsnesi** – s.1. góðar brekkur.
- **Mosfell í Mosfellssveit**: s.1. - hentugar lúpínubrekkur f. skógrækt. Mikill vilji ábúenda til að fara í skógrækt. Hentugur staður fyrir neðan kirkjuna fyrir skírnarskóg.
- **Mælifell** – s. 1, stór jörð, góð skilyrði.

- **Möðruvellir 1** – s.1. virðist snúið, en góð brekka.
- **Oddi** – s.1. flatt, opið.
- **Reykholt** – s.1. stórt svæði, heiðin öll neðan 250 m. Ath. stöðu mála varðandi Skógræktarfélag og Kolvið.
- **Reynivellir í Kjós:** Mjög álitlegar brekkur fyrir ofan staðinn allt til skógræktarsvæðis þar sem hægt er að komast auðveldlega að til skógræktar. Einnig eru þar svæði fyrir helgun lands eða skírnarskóg.
- **Saurbær** – s.1. mikið mólendi sem hentar vel – sérstaklega fyrir neðan þjóðveg og niður í fjöru. (skoðað).
- **Skálholt.** S.1 Svæði frátekið vestan vegar og að Brúará fyrir „helgun lands/skírnarskóg“.
- **Skinnastaður** – s.1. mikið kjarr en gott móasvæði líka.
- **Staðastaður** – s.3 en skógræktarfélag í sveitinni vill fara í skógrækt.
- **Syðra-Laugarland** – hægt að laga landið næst ánni.
- **Valþjófsstaður 1** – s.1 en lítið land.

Landgræðsla

- **Skeggjastaðir** – s.2, gott að græða mela.

Byggð á frumúttektum Landgræðslunnar og Skógræktarinnar og frumúttekt að jörðum unnið í mars, apríl og maí 2020.

1. *Skýringar: Skógræktin flokkar svæði eftir gæðum s.1 er besta skógræktarsvæðið, s.2 er síðra s.3 er síst. Landgræðslan kom með ábendingar um endurheimt votlendi.*
2. *Skírnarskógar - ábendingar um hentugt svæði.*
3. *Þyrfti líka að taka frá land fyrir söfnuði/samtök sem vilja helga land og kolefnisjafna starfsemi sína sjálf.*
4. *Fjármunir kæmu úr sjóðum kirkjunnar annars vegar og hins vegar styrkir frá ríki eða stofnunum vegna loftlagsmála og bindingar kolefnis.*